

Miðvikudaginn 19. apríl 1961.

Nr. 84/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi

(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1960. Hann krefst þess, að úrskurður fégeta verði úr gildi felldur, að lögtak fari fram til tryggingar ógoldnu útsvari fyrir árið 1958, kr. 260.000.00, ásamt vöxtum og kostnaði og svo að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Reykjavíkur 25. marz 1960.

Gerðarþola, Hinu íslenska steinolúhlutafélagi, hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1958 kr. 435.960.00, sem niðurjöfnunarnefnd lækkaði síðar við kæru í kr. 430.000.00. Hefur gerðarþoli greitt alls af útsvarsskuldinni kr. 170.000.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 260.000.00, sem gerðarþoli hefur neitað að greiða. Hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsupphæð, kr. 260.000.00, með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum svo og kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, þar á meðal málflutningsþóknun úr hendi gerðarþola samkvæmt taxa lögmannafélagsins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindri útsvarskröfu gerðarbeiðanda svo og öðrum kröfum hans í máli þessu og gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður að skaðlausu málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því aðallega, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi meðal annars lagt veltuútsvar á laun gerðarþola fyrir afgreiðslu olíuvara á Keflavíkurflugvelli, en þau laun hafi numið kr. 14.030.800.00, og veltuútsvarið af þeirri upphæð hafi numið kr. 291.280.00 (sbr. rskj. nr. 8). Hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að niðurjöfnunarnefnd hafi eigi verið heimilt að lögum að leggja þetta veltuútsvar á gerðarþola hér, þar eð afgreiðsla gerðarþola, meðal annars á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli, og tekjur af henni séu eigi löglegur stofn til útsvarsálagningar í Reykjavík. Við afgreiðslu þessa séu notuð margvísleg mannvirki og tækj þar á staðnum, þannig að starfsemin sé heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi, sem hún fer fram í, þ. e. Njarðvíkurhreppi. Hreppurinn hafi því átt fullan rétt á að leggja útsvar á gerðarþola vegna þessarar starfsemi hans á Keflavíkurflugvelli árið 1957 samkvæmt 8. gr., 2. og 3. mgr., a-lið, laga nr. 66/1945. Þenna rétt hafi Njarðvíkurhreppur notað sér og lagt á veltu gerðarþola á Keflavíkurflugvelli útsvar, að upphæð kr. 140.000.00 (sbr. rskj. nr. 6). Af því leiði, að Reykjavíkurbæ hafi eigi verið heimilt að leggja útsvar á gerðarþola að þessu leyti, enda taki ofangreint lagaákvæði til veltuútsvara

beinlínis eða að minnsta kosti með lögjöfnun. Eigi komi til greina nein skipting útsvarsins, sem lagt hafi verið á gerðarpóla í Njarðvíkurhreppi, sbr. 9. gr. útsvarslaganna, og þá eigi heldur neins konar umreikningur útsvara gerðarpóla í Njarðvíkurhreppi og í Reykjavík, sbr. 12. gr. sömu laga. Við munnlegan flutning málsins benti umboðsmaður gerðarpóla á það til stuðnings þeirri skoðun sinni, að starfsemi gerðarpóla á Keflavíkurflugvelli sé heimilisföst atvinnustofnun í Njarðvíkurhreppi, að samkvæmt efnahagsreikningi gerðarpóla séu fasteignir hans á Keflavíkurflugvelli til notkunar við þjónustuna þar, að upphaflegu kostnaðarverði kr. 4.996.629.76, en séu nú afskrifaðar í kr. 2.770.206.56. Þá benti nefndur umboðsmaður á hæstaréttardóm nr. 159/1958, þar sem olútankar Skeljungs h/f í Breiðuvíkurhreppi séu taldir heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna. Þá hefur nefndur umboðsmaður enn fremur bent á í þessu sambandi hæstaréttardóm nr. 34/1942, hæstaréttardóm nr. 150/1946 og hæstaréttardóm nr. 64/1949, sem allir hnigi í sömu átt. Af þessu sé ljóst, að Njarðvíkurhreppur hafi haft fulla lagaheimild til að leggja útsvar á gerðarpóla. En þá rísi sú spurning, á hvaða gjaldstofn hreppnum hafi verið heimilt að leggja. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna, sbr. lög nr. 59/1947, megi aðeins leggja á þær eignir, sem séu í hreppnum, og þær tekjur, sem atvinnurekstur þar gefur, og að ljóst sé, að álagningarheimildin taki einnig til veltu gjaldandans í hreppnum. Eins og tíðkist, hafi Njarðvíkurhreppur aðeins lagt á veltu gerðarpóla, en þó veltuna alla, 1% af kr. 14.030.826.14 eða kr. 140.000.00, og því haldið sér fyllilega innan löglegra marka um álagninguna. Reykjavíkurbær hafi hins vegar lagt á *allar* eignir gerðarpóla, sbr. efnahagsreikning hans, og *allar* tekjur hans, sbr. rekstrarreikning hans, og þannig á sama gjaldstofn og Njarðvíkurhreppur, en það fái eigi staðizt að lögum, sbr. a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna og enn fremur hæstaréttardóm nr. 120/1944. Þessi álagningaráðferð sé auk þess skýlaust brot á þeirri venju, sem niðurfjöfnunarnefnd hafi fylgt, að minnsta kosti gagnvart öðrum olíufélögum, sbr. rskj. nr. 13 og 14. Hér skipti engu máli, hvort Njarðvíkurhreppur hafi notfært sér álagningarrétt sinn að fullu eða eigi, það skapi Reykjavíkurbæ engan rétt til álagningar. Hér sé því bersýnilega um tvísköttun að ræða, sem eigi fái staðizt að lögum. Með skírskotun til framangreindra varnarástæðna hefur umboðsmaður gerðarpóla haldið því fram, að gerðarpóli

sé þegar búinn að greiða gerðarbeiðanda í útsvar fyrir ár 1958 meira en honum hafi að réttu borið að greiða. Veltuútsvar Reykjavíkurbæjar á veltu gerðarþola á Keflavíkurflugvelli hafi numið kr. 291.280.00, en þá upphæð beri samkvæmt framan-sögðu að draga frá hinu álagða útsvari, kr. 430.000.00, og verði þá eftirstöðvarnar kr. 138.720.00. Hafi gerðarþoli því á þenna hátt greitt kr. 31.280.00 fram yfir hina réttu útsvarsupphæð, en hér við bætist, að tekjuútsvar gerðarþola ætti að vera kr. 58.350.00 í stað kr. 74.785.00. Muni þar kr. 16.435.00. Sé gerðarþoli því búinn að greiða gerðarbeiðanda kr. 47.715.00 umfram það, sem honum hafi borið að réttu. Af þessu sé ljóst, að kröfur gerðarbeiðanda í máli þessu fái eigi staðizt, og því beri að taka til greina allar kröfur gerðarþola í málinu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda réttilega tekið það fram, að meginágreiningsefni máls þessa sé það, hvort Reykjavíkurbæ hafi verið heimilt að leggja útsvar á afgreiðslulaun gerðarþola vegna afhendingar olíuvara á Keflavíkurflugvelli til varnarliðsins þar eða hvort hér hafi verið um að ræða ólöglega tvísköttun, þar eð Njarðvíkurhreppur hefur lagt útsvar á sömu afgreiðslulaun.

Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda eindregið haldið því fram, að umrædd útsvarsálagning hér fái fyllilega staðizt að lögum. Félag gerðarþola sé skrásett hér í bæ, og hér fari fram allt það, er máli skiptir um stjórn og rekstur fyrirtækisins, sölur, afgreiðslusamningar, bókhald o. s. frv. Hér sé því tvímælalaut heimasetur gerðarþola. Hér fari og fram sala félagsins til varnarliðsins að því leyti, að hér samþykki stjórn félagsins sölusamninga við Esso Export og (eða) önnur félög, sem samið sé við um afgreiðslu til varnarliðsins. Hins vegar verði starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli eigi talin útibú eða neitt það, sem jafna megi til sjálfstæðs útibús í skilningi hlutafélagalaganna, því að til þess þyrfti starfsemin að vera skrásett þar syðra. Þó sé starfsemi þessi vafalaust útsvarsskyld þar og því heimilt að leggja á hana útsvar í Njarðvíkurhreppi. Þar með sé þó eigi sagt, að öll afgreiðslulaunin þar syðra séu einungis tekjur af starfseminni þar, heldur miklu fremur af starfseminni hér í bæ, þar eð héðan sé stjórnað öllum rekstri fyrirtækisins. Það sé því síður en svo gagnstætt lögum að leggja á gerðarþola útsvar hér með hliðsjón af skiptum hans við varnarliðið á Kefla-

víkurflugvelli, enda þótt verulegur hluti afgreiðslunnar kunní að fara fram utan Reykjavíkur, þ. e. í Njarðvíkurhreppi. Ekkert lagaákvæði banni slíkt, en hins vegar sé það í fullu samræmi við ákvæði 4. gr. útsvarslaganna um að leggja skuli á gjaldþegn „eftir efnun og ástæðum“. Hér sé eigi um að ræða venjulegt veltuútsvar, miðað við sölu á hverjum stað, eins og um sé að ræða, þegar talað sé um veltuútsvar á umsetningu hinna olíufélaganna, einnig systurfélags gerðarþola, Olíufélagsins h/f. Hér sé aðeins um að ræða álagningu útsvars á afgreiðslulaun gerðarþola vegna vissra viðskipta, þ. e. álagningu á brúttóágóða gerðarþola af þessum viðskiptum, sem gerð séu hér í Reykjavík, enda þótt afgreiðslan kunní að fara fram að miklu leyti í Njarðvíkurhreppi. Hér sé sem sagt í bókstaflegum skilningi verið að leggja á „ástæður“ gerðarþola, þær alveg einstöku og óvenjulegu ástæður að hafa með höndum þessi viðskipti við varnarliðið, er gæfi honum svo gífurlegar tekjur, sem sjá megi af framlögðum málskjöllum. Við ákvörðun útsvarsins í heimasveit gerðarþola hafi með öðrum orðum að sjálfsögðu verið tekið fullt tillit til þeirrar vildaraðstöðu, sem gerðarþoli njóti í skiptum sínum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Samanlögð álagning í Reykjavík og í Njarðvíkurhreppi vegna þessara viðskipta sé um 3% af heildarupphæð afgreiðslulaunanna, og verði að telja það hóflegt, enda sé það eigi óvenjuleg álagning á umsetningu yfirleitt. Það væri og fráleitt, sem komið hefur fram af hálfu gerðarþola, að atvinnurekandi, sem hafi eigi minna um sig en greint er á rskj. nr. 5, ætti eigi að bera hærra útsvar hér í Reykjavík en kr. 122.285.00. Þær fullyrðingar eigi ekki stoð í þeim lögum, sem segi, að útsvör skulj lögð á eftir efnun og ástæðum.

Jafnframt framanskráðu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að þar eð Ríkisskattanevnd hafi eigi breytt útsvarsupphæðinni, þá sé mál þetta í raun rétttri eingöngu um útsvarsupphæð, en um það atriði sé fógetarétturinn eigi bær að úrskurða. Beri þegar af þeirri ástæðu að taka lögtakskröfur gerðarbeiðanda til greina.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að í raun rétttri sé mál þetta eingöngu um útsvarsupphæð, en um það atriði sé fógetarétturinn eigi bær að úrskurða. Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt, enda augljóst af gögnum málsins svo og málflutningi aðilja, að hér er fyrst og fremst um það að

ræða, hvort Reykjavíkurbæ hafi verið heimilt eða eigi að leggja útsvar á afgreiðslulaun gerðarpóla vegna afhendingar olíuvara á Keflavíkurflugvelli til varnarliðsins þar. M. ö. o. hvort afgreiðslulaun þessi hafi verið löglegur stofn til álagningar útsvars hér í bæ, en um það atriði er rétturinn tvímælalaust bær að úrskurða.

Kemur þá til álita réttarins þetta síðarnefnda atriði málsins, þ. e. hvort umrædd útsvarsálagning Reykjavíkurbæjar á starfsemi gerðarpóla á Keflavíkurflugvelli hafi verið heimil að lögum eða eigi.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur samkvæmt framanskráðu haldið því fram, að starfsemi gerðarpóla á Keflavíkurflugvelli, sú er um ræðir, verði eigi talin útibú eða neitt það, sem jafna megi til útibús í skilningi hlutafélagalaganna, þar eð starfsemin sé eigi skrásett þar syðra. Hins vegar sé félag gerðarpóla skrásett hér í bæ, hér sé aðsetur stjórnar þess og hér séu teknar allar ákvarðanir um rekstur þess, sem máli skipti, svo sem um sölur og afgreiðslusamninga, hér sé og bókhald félagsins og hér fari fram sala þess til varnarliðsins, að því leyti að hér samþykki stjórn félagsins sölusamninga við Esso Export og (eða) önnur félög, sem samið sé við um afgreiðslu til varnarliðsins. Það sé því eigi gagnstætt lögum að leggja á gerðarpóla útsvar hér með hliðsjón af skiptum hans við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Ekkert lagaákvæði banni slíkt, en hins vegar sé það í fullu samræmi við ákvæði 4. gr. útsvarslaganna um að leggja skuli á gjaldþegn „eftir efnum og ástæðum“. Jafnframt hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda viðurkennt, að umrædd starfsemi gerðarpóla á Keflavíkurflugvelli sé útsvarsskyld þar, þ. e. í Njarðvíkurhreppi.

Á framangreint sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt. Það hefur eigi verið véfengt í máli þessu, að gerðarpóli sé vegna umræddrar starfsemi sinnar á Keflavíkurflugvelli útsvarsskyldur í Njarðvíkurhreppi og að hreppnum hafi því verið heimilt að leggja á hann útsvar, enda hefur gerðarpóli margvísleg mannvirkj og tæki þar á staðnum vegna þessarar starfsemi sinnar. Verður rétturinn því að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarpóla, að umrædd starfsemi gerðarpóla á Keflavíkurflugvelli sé þess eðlis, að ákvæði a-liðar 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna taki til hennar, ef eigi beinlínis, þá per analogiam, og að gerðarbeiðanda hafi því eigi verið heimilt að leggja útsvar á þessa starfsemi, svo sem gert hefur

verið, sbr. rskj. nr. 5. Af þessu leiðir, að draga ber frá hinni álögðu útsvarsupphæð þær kr. 291.280.00, sem lagðar hafa verið hér á umrædda starfsemi gerðarpola á Keflavíkurlflugvelli (sbr. rskj. nr. 5), en sú tala hefur eigi verið véfengd í málinu. Annan og meiri frádrátt frá hinni álögðu útsvarsupphæð leiðir og af þessu, en það skiptir eigi máli um úrslit málsins og því óþarft að rekja það nánar, þar eð gerðarþoli hefur, að frádregnum fyrrgreindum kr. 291.280.00, greitt að fullu það útsvar, sem honum bar samkvæmt framangreindu, og vel það.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 25. apríl 1961.

Nr. 72/1961. **Eyjólfur K. Jónsson**
gegn
Inga R. Helgasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Halvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, er upp var kveðinn 28. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að úrskurður stjórnar lögmannafélagsins verði ómerktur og málinu vísað frá félagsstjórninni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands verði staðfestur.